

Mega erlendir ferðamenn kaupa gjaldeyri?

Erlendir ferðamenn á Íslandi mega kaupa gjaldeyri fyrir allt að 350.000 kr. í hverjum mánuði. Skilyrði er að sýnt sé fram á að gjaldeyrinn verði notaður á ferðalögum erlendis. Jafnframt er erlendum ferðamönnum heimilt að kaupa innlendan gjaldeyri á Íslandi.

Styrkir, gjafir og annað

Innlendir aðilar mega kaupa gjaldeyri til að styrkja einstaklinga, góðgerðasamtök eða aðra hliðstæða aðila, fyrir allt að 3.000.000 kr. á hverju ári. Skilyrði er að sýnt sé fram á að gefandi og styrkveitandi séu raunverulegir eigendur fjárisins.

Laun erlendra aðila á Íslandi

Laun sem erlendir aðili hefur aflað á Íslandi sl. 6 mánuði eru undanþegin gjaldeyrishöftum. Gildir það sama um laun innlends aðila erlendis á síðustu 6 mánuðum. Námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur, þ.m.t. elli- og örorkulífeyrir og greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar og aðrar sambærilegar greiðslur, teljast laun og gilda því sömu reglur.



2011

ECC-ICELAND

Evrópska neytendaaðstoðin á Íslandi
European Consumer Centre – Iceland

Gjaldeyrismál á Íslandi



European Consumer Centre/ECC/ENA
Neytendasamtökin
Hverfisgötu 105
101 Reykjavík
Ísland

Sími 5451200
Netfang ena@ena.is
Vefsíða www.ena.is

Gjaldmiðill á Íslandi

Gjaldmiðillinn á Íslandi er íslenska krónan (ISK). Frá hausti 2008 hafa gjaldeyrisviðskipti verið háð takmörkunum vegna óvissuástands í efnahagsmálum. Um gjaldeyrisviðskipti gilda því ákveðnar reglur sem er að finna í lögum um gjaldeyrismál.

Má fólk sem býr á Íslandi kaupa gjaldeyri?

Einstaklingar búsettir á Íslandi mega kaupa gjaldeyri í ákveðnum tilvikum. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um Íslending er að ræða eða erlendan ríkisborgara. Þessir aðilar mega kaupa gjaldeyri með eftirfarandi skilyrðum:

- Að kaupin séu vegna ferðalaga erlendis. Við kaupin þarf viðkomandi að sýna fram á fyrirhugaða ferð með framvísun farmiða eða kvittun fyrir greiðslu á ferð sem fyrirhuguð er innan fjögurra vikna.
- Að ekki sé keyptur gjaldeyri fyrir hærri fjárhæð en 350.000 kr. fyrir einstakling í hverjum mánuði
- Aðeins eigandi reiknings má kaupa gjaldeyrinn
- Að einstaklingur sem tilgreindur er við kaup fari sjálfur með gjaldeyrinn úr landi.

Einstaklingur má aðeins kaupa gjaldeyri í sínum viðskiptabanka. Verði ekki af fyrirhugaðri ferð til útlanda verður að skila gjaldeyrinum aftur til fjármálafyrirtækis innan tveggja vikna frá því það er ljóst að ekki verður af ferðinni.

Hvað kostar að kaupa gjaldeyri?

Gengi gjaldmiðla getur verið misjafnt eftir fjármálafyrirtækjum. Einnig getur verið misjafnt hvort fjármálafyrirtæki taki þóknun fyrir að selja gjaldeyri.

Íslendingar búsettir erlendis

Íslendingar sem eru búsettir erlendis í ekki skemmri tíma en einn mánuð og ekki lengri tíma en sex mánuði í senn mega kaupa gjaldeyri í hverjum mánuði og flytja hann erlendis á reikning sinn hjá fjármálafyrirtæki í því landi sem hann dvelur.

Námsmenn sem stunda nám erlendis mega flytja út erlendan gjaldeyri vegna framfærslu sinnar að hámarki;

- 3.000.000 kr. á ári vegna einstaklings
- 6.000.000 kr. á ári vegna hjóna eða sambúðarfólks
- 2.000.000 kr. á ári vegna hvers ólögráða barns sem býr hjá ofangreindum aðilum.



Skilaskylda á gjaldeyri

Öllum erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar eignast, svo sem fyrir seldar vörur og þjónustu, eða með öðrum hætti, skal skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan þriggja vikna frá því að gjaldeyri komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Heimilt er að uppfylla skilaskylduna með því að leggja gjaldeyrinn inn á gjaldeyrisreikning hjá innlendu fjármálafyrirtæki eða Seðlabankanum. Skilaskyldan nær ekki til Íslendinga sem búsettir eru erlendis vegna vinnu eða náms



Framtíð gjaldeyrishafta á Íslandi

Samkvæmt áætlun stjórnvalda er stefnt að því að gjaldeyrishöft verði afnumin hið fyrsta. Lagaheimild stjórnvalda til að halda gjaldeyrishöftum við lýði rennur út 31. desember 2013. Það er þó ómögulegt að segja hvort sú heimild muni verða framlengd eða ekki.